

Klettagarðar 12 – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 24. febrúar 2026 var lögð fram fyrirspurn til skipulagsfulltrúa um að reisa stálgrindartjald til að geyma hálendisrútur í yfir vetrarmánuði. Staðsetning tjaldsins yrði á suð-vesturhorni lóðarinnar.



Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin og byggingin á Klettagörðum 12 hafnarsvæði (H), nánar tiltekið borgarhluta H4, Sundahöfn (Klettasvæði, Vogabakki og Kleppsvík)

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG: Í gildi er deiliskipulag fyrir Klettasvæði, Reykjavíkurhöfn, samþykkt í borgarráði 26. október 1999 ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa á að reisa stálgrindartjald á suð-vesturhorni lóðarinnar á Klettagörðum 12. Tjaldið er 402,4 m². Fyrirhuguð framkvæmd er fyrir utan byggingarreit samkvæmt gildandi deiliskipulagi og því er ekki hægt að heimila að reisa stálgrindartjald.

Niðurstaða

- Neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa þar sem áætluð framkvæmd um að reisa stálgrindartjald er fyrir utan byggingareit samkvæmt gildandi deiliskipulagi.

Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.



f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Harpa Dögg Hjartardóttir
verkefnastjóri